

## **Könnun á fuglalífi við Þríhnúka vorið 2011**

**Náttúrustofa Reykjaness**

**Garðvegi 1, 245 Sandgerði**

**Júní 2011**

**Gunnar Þór Hallgrímsson**

**Sveinn Kári Valdimarsson**

Í maí 2011 fór VSÓ ráðgjöf þess á leit við Náttúrustofu Reykjaness að kanna fuglalíf við Þríhnúka við Bláfjöll vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðstöðu og aðgengi fyrir ferðamenn. Lagt var upp með að markmið könnunarinnar ætti að vera hvort sjaldgæfar fuglategundir væru á svæðinu auk þess sem fjallað yrði um möguleg áhrif framkvæmda á fuglalíf. Verkið skildi vinnast hratt og þess óskað að skýrslu yrði skilað fyrir miðjan júní 2011. Með beiðni VSÓ ráðgjafar fylgdi kort sem sýndi fyrirhugaða veglagningu frá Bláfjallaskála að Þríhnúkagíg.

Náttúrustofa Reykjaness tók að sér að kanna þéttleika og samsetningu fuglategunda á svæðinu með því að telja á sniðum. Áhersla var lögð á svæðið í kringum fyrirhugaða veglagningu á fyrrgreindu korti.

## ATHUGUNARSVÆÐIÐ OG AÐSTÆÐUR

Svæðið stendur hátt eða í um 500 m.y.s. Stærstur hluti þess eru grýtt mosagróin holt með nær samfelldri gróðurhulu en einnig mosagróin hraun. Svæðið var heimsótt 7. júní 2011 en þá var veður hagstætt; heiðskýrt, stillt og lofthiti 4-6 C°.

## AÐFERÐIR

Til að kanna þéttleika og tegundasamsetningu fugla var notast við sniðtalingu. Slembipunktur var valinn innan þess svæðis þar sem fyrirhuguð veglagning á að vera. Út frá honum voru síðan lögð 10 snið (tæpur 1 km hvert) í zik-zak mynstri frá Bláfjallaskála að Þríhnúkum (1. mynd).



**1. mynd.** Lega 10 fuglatalningasniða frá Bláfjallaskála að Þríhnúkum.

Talið var á sniðum þann 7. júní 2011 frá kl. 7.50 - 10.43. Tveir athugendur gengu samsíða og notuðu gps tæki til að fylgja sniðlínunum. Allar fuglategundir sem sáust voru skráðar ásamt upplýsingum um atferli, kyn og aldur. Hornrétt fjarlægð fuglanna frá sniðlínu var mæld með rafrænum fjarlægðarmæli (Leica). Til að fá mat á þéttleika var notast við aðferðafræði sem gerir ráð fyrir að allir fuglar á sniðlínu sjáist en sýnileiki þeirra falli með aukinni fjarlægð frá sniðlínunni. Sniðin eiga að þvera breytileika landslagsins til að gefa raunhæfa mynd af svæðinu. Náist sæmileg sýnastærð (gjarnan miðað við 60 athuganir) fæst fall (e. detection curve) sem nota má til að mæla þéttleika með öryggismörkum (Buckland o.fl. 2001). Forrtitið DISTANCE (sjá <http://www.ruwpa.st-and.ac.uk/distance/>) var notað til að framkvæma útreikningana.

Auk sniðtalninga var gengið um svæðið í kringum Þríhnúkaág og horft eftir fuglum.

## NIÐURSTÖÐUR

Alls voru gengnir 9,1 km á 10 sniðum. Þetta skoðunarátak skilaði einungis 9 athugunum þriggja tegunda mófugla sem sýndu varp hegðun (Tafla 1). Þar að auki sást einn fullorðinn sílamáfur *Larus fuscus* (líklega geldur) og stakur hrafn *Corvus corax* á stefnuföstu flugi. Líklegt er að hrafninn sé varpfugl í nágrenninu. Utan sniðtalninganna varð aðeins vart við stakan rjúpukarra *Lagopus muta* við Þríhnúkaág og þar fundust einnig hraukar með rjúpnaskít.


**Tafla 1.** Tegundir sem sýndu varpatferli í sniðtalningu.

Tegund		Atferli	Fjarlægð frá sniðlínu (m)
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	Hreiður	0
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	Barmar sér	37
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	Bí-ar	95
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	kk eltir kvk	10
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	Syngjandi	19
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	Syngjandi	104
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	Syngjandi	44
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	Syngjandi	54
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	Syngjandi	48

**Tafla 2.** Þéttleiki þriggja mófuglategunda (heiðlóa, steindepill og snjótittlingur) byggður á fjarlægðarmælingum og útreikningum í *DISTANCE*.

Meðalþéttleiki/km <sup>2</sup>	Staðalskekkja	95% öryggismörk	
		neðri	efri
5,45	2,15	2,44	12,18

Vegna þess hversu fáir fuglar sáust var öllum þremur tegundunum slegið saman við útreikninga á þéttleika með öryggismörkum (Tafla 2). Taka ber útreikningunum með fyrirvara vegna lágrar sýnastærðar. Sýnileikafallið (detection curve) í þessari athugun var flatt og bendir það til þess að við höfum séð megnið af fuglum sem til staðar voru á um 100m beltí (2. mynd).



**2. mynd.** Sýnileikafall fuglaathugana við Þríhnúka bendir til að 90% þeirra fugla sem voru 50m til hvorrar hliðar frá sniðlínu hafi sést.

## UMRÆÐA

Fuglalíf á svæðinu milli Þríhnúka og Bláfjallaskála er rýrt, bæði hvað varðar tegundafjölbreytni og þéttleika. Þrjár tegundir varpfugla komu fram í sniðtalningu (heiðlóa, steindepill og snjótittlingur) en allar eru þær algengar og útbreiddar hérlendis. Auk þess sást rjúpukarri en líklegt er að rjúpur verpi strjált á nærliggjandi svæðum. Af mófuglategundum sem gætu verið verpandi í nágrenninu (byggt á búsvæðavali þeirra) en sáust ekki má nefna þúfutittling *Anthus pratensis* og sendling *Calidris maritima*.

Ekki er líklegt að nokkur sjaldgæf fuglategund verpi á svæðinu eða nýti það á annan hátt. Veglagning og umferð manna um þetta svæði er því að okkar mati skaðlaus hvað fuglalíf snertir.

**Heimild:** *Buckland, S.T., D.R. Anderson, K.P. Burnham, J.L. Laake, D.L. Borchers og L. Thomas 2001. Introduction to Distance Sampling, estimating abundance of biological populations. Oxford University Press, New York. 432 bls.*



Steindepill er ein þeirra fuglategunda sem finna má við Þríhnúka.

*Ljósmynd: GPH*